

## 2. gr.

16

Það er hlutverk mannelisráðs að vera heilbrigðisstjórninni til ráðuneytis um þau mál, er að manneli lúta, og gera tillögur um framkvæmdir rannsókna á því sviði.

24. jan.

## 3. gr.

Mannelisráð semur að hverju ári liðnu skýrslu um starfsemi sína, og skal hún birt í heilbrigðisskýrslum landlæknis.

## 4. gr.

Ákveða má nánara um starfsháttu mannelisráðs í reglugerð, er ráðið semur og ráðherra staðfestir.

## 5. gr.

Kostnaður af starfsemi mannelisráðs og mannelisrannsóknum á vegum þess greiðist úr ríkissjóði samkvæmt úrskurði ráðherra.

## 6. gr.

Lög þessi ganga í gildi þegar í stað.

*Gjört í Reykjavík, 24. janúar 1945.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Finnur Jónsson.*

## L Ö G

17

um breyting á lögum nr. 8 24. marz 1944, um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 58 7. maí 1940 og nr. 52 30. júní 1942.

24. jan.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Fyrsti efnismálsliður 1. gr. laganna orðist svo:

*Staðarhérað:* Miklaholtshreppur, Staðarsveit og Breiðuvíkurhreppur. Læknissetur á Staðastað.

## 2. gr.

2. gr. laganna kemur ekki til framkvæmda, meðan yfir stendur endurskoðun læknishéraðaskipunar samkvæmt þingsályktun frá 11. marz 1944.

## 3. gr.

Annar efnismálsliður 5. gr. laganna orðist svo:

*Álafosshérað:* Sá hluti Reykjavíkurkaupstaðar, sem lagður var til lögsagnarumdæmis Reykjavíkur með lögum nr. 52 1943, Seltjarnarneshreppur fyrir ofan Elliðaár, Mosfellshreppur, Kjósarhreppur, Kjalarneshreppur og Þingvallasveit. Læknissetur að Álafossi.

17

24. jan.

4. gr.

Fyrsti efnismálsliður 6. gr. laganna orðist svo:

Við 1. tölulið: Liðurinn orðist svo:

*Reykjavíkurhérað*: Reykjavíkurborg og Seltjarnarneshreppur að undanskildum þeim svæðum, sem lögð eru til Álafosshéraðs.

5. gr.

Ákvæði 1. gr. um stofnun Staðarhéraðs koma ekki til framkvæmda, fyrr en það hérað verður skipað.

Síðari málsgrein 8. gr. laganna falli niður.

6. gr.

Lög þessi skulu gilda frá 1. jan. 1945.

*Gjört í Reykjavík, 24. janúar 1945.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Finnur Jónsson.*

18

24. jan.

## L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1945 með viðauka.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt til ársloka 1945 að innheimta með 100% viðauka vitagjald, þær aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í I.—VI. kafla laga nr. 27 27. júní 1921, stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921 og síðari lögum, sem hafa ákvæði um stimpilgjald, leyfisbréfastgjöld og lestagjald.

Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að innheimta með 50% viðauka gjöld samkvæmt lögum nr. 60 30. des. 1939, 2. gr., um gjald af innlendum tollvörutegundum, og eignarskatt samkvæmt 14. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935.

2. gr.

Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 54 12. okt. 1944 numin úr gildi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 24. janúar 1945.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Pétur Magnússon.*